Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
HNE
Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 414 7990 · Netf.: hne@hne.is · www.hne.is
Húsavíkurdeild · Hafnarstétt 3 · 640 Húsavík · Símar: 464 2690 & 898 8340 · Netf.: oggi@hne.is

**Norðurþing**
**Skipulags- og byggingarfulltrúi**
**Ketilsbraut 7-9**
**640 Húsavík.**

Húsavík 27.janúar 2021

## Efni: tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri í Öxarfirði ásamt tilheyrandi matsskýrslu.

hvar óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um ofangreint efni. Vísað er til erindis Skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings frá 22.janúar sl.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri felur í sér mótun ramma um uppbyggingu frekari mannvirkja á iðnaðarsvæði I3 að Núpsmýri í Öxarfirði. Fiskeldi hefur verið starfrækt á lóðinni um áratugaskeið en svæðið hefur þó ekki verið deiliskipulagt fyrr. Svæðið er nú þegar umtalsvert upp byggt en horft er til frekari uppbyggingar til aukningar framleiðslu. Skipulagssvæðið spannar eignarlóð fyrirtækisins sem er 8,39 ha en fyrirhuguð uppbygging er þó innan 5,6 ha iðnaðarsvæðis til samræmis við ákvæði aðalskipulags.

**HNE fagnar því að gert verði deiliskipulag fyrir fiskeldið í Núpsmýri, en bendir jafnframt á nauðsyn þess að í framhaldinu verði settjarnir aflagðar, og upp verði settur hreinsunarbúnaður sem hreinsi frárennsli frá fiskeldinu.**

**Að öðru leyti vísar HNE í reglugerð 550/2018 um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

Virðingarfyllst:
Jóhannes H Hauksson
heilbrigðisfulltrúi